

Nd.

292. Nefndarálit

[70. mál]

um frv. til laga um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar eftirlitsmönnum opinberra sjóða. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. í stað síðari málsliðar komi:

Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærrí tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjaldasjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

Alþingi, 5. apríl 1960.

Jón Pálmason,
form., frsm.

Einar Sigurðsson,
fundaskr.

Karl Guðjónsson,
með fyrirvara.

Ágúst Þorvaldsson.

Benedikt Gröndal.

Fylgiskjal.

EFTIRLITSNEFND OPINBERRA SJÓÐA

Reykjavík, 31. marz 1960.

Með bréfi, dags. 23. þ. m., hafið þér, háttv. alþm., f.h. landbn. Nd. Alþingis farið fram á að fá umsögn eftirlitsmanna opinberra sjóða um meðlagt frv. á þskj. 134, um heimild til að selja tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Eftirlitsnefnd hafa á liðnum árum borizt nokkrar slíkar beiðnir. Hefur þeim jafnan fylgt mat dómkvaddra manna og stundum tilboð um hærra verð en matsmenn höfðu ákveðið. Nefndin hefur jafnan, að þeim upplýsingum fengnum og öðrum, er hún hefur getað aflað sér, veitt samþykki sitt til sölu. Eru nefndinni ljósir þeir erfiðleikar, sem á því eru fyrir sjóðina sem landeiganda að uppfylla þær skyldur, sem inna ber af höndum gagnvart leiguliða, og því ekki talið annað fært en samþykkja sölu, þegar um það verð var að ræða, sem sanngjarnt mátti telja á hverjum tíma.

Samkvæmt lögum um eftirlit með opinberum sjóðum er sala því aðeins heimil, að eftirlitsmenn hafi mælt með henni og samþykkt söluverð jarðanna. Hér kemur aðeins fyrra atriðið til greina, þar sem ekkert liggur fyrir um söluverð umræddra jarða og annað, er þeim fylgir.

Nefndin ályktar að mæla með, að heimild til sölu verði veitt, en geymir sér rétt til samþykktar á söluverði þeirra.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að síðari másl. 1. gr. frv. orðist svo:

Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærrí tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjaldasjóðs Kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

Andrés Eyjólfsson.

Sigfús Bjarnason.

Þorst. Þorsteinsson.

Til landbúnaðarnefndar Nd.